

# Stjórnarfundur 7. janúar 2019

Mættir: Hjörtur Bergstað, Sigurbjörn Þórmundsson, Leifur Einar Arason, Heiðrún Sigurðardóttir, Svafar Magnússon, Einar Gíslason og Þórir Örn Grétarsson.

*Málefni tekin fyrir:*

## 1. Fundargerð síðasta fundar

Fundargerð síðasta stjórnarfundar borin upp og hún samþykkt samhljóða.

## 2. Opnunartími á skrifstofu

Einar leggur til að auglýstur opnunartími skrifstofu Fáks verði frá kl. 14-16 alla þriðjudaga og fimmtudaga. Samþykkt samhljóða af stjórn með fyrirvara um breytingar ef þessi tilhögun gengur einhverra hluta vegna illa upp.

## 3. Opnunartíma reiðhallarinnar

Ákveðið að hafa opnunartíma reiðhallar óbreyttan frá því í fyrra en skoða hvort hægt sé að setja upp lyklakerfi sem leyfir lengri opnun á vissum svæðum og styttir á öðrum og gefur þannig möguleika á sveigjanlegrí opnunartíma fyrir reiðsvæðið.

## 4. Tæknibúnaður á skrifstofu

Einar leggur til uppfærslur á tækjabúnaði og öðrum búnaði á skrifstofu Fáks. Stjórn samþykkir að Einar leiti tilboða í það sem honum þykir vanta og leggi það síðar fyrir stjórn.

## 5. Þorrablótíð

Þorrablótíð verður haldið laugardaginn 19. janúar nk. og verður með hefðbundnu sniði. Búið er að fá tilboð í veitingar frá 4 aðilum. Samþykkt samhljóða að taka ódýrasta tilboðinu. Frítt verður fyrir börn undir 6 ára aldri. Hjörtur ætlar að finna harmonikkuleikara til að spila dinnertónlistina.

## 6. Polla-, barna- og unglingsnámskeið

Búið er að ræða við Sif og Kareni að taka pollanámskeiðið að sér eða hafa það á sínum vegum. Þær tóku vel í það. Stjórn felur Einari að ganga frá frekara skipulagi. Æskulýðsnefndin leggur til að fá Eddu Rún til að sjá um námskeið fyrir börn og unglings. Stjórn samþykkir og felur æskulýðsnefndinni að ganga frá því.

## 7. Veitingarekstur í félagsheimili

Stjórn felur Einari að auglýsa eftir rekstraraðilum að veislusal í félagsheimilinu.

## 8. Félagsgjöld Fáks

Greiðsluseðlar vegna félagsgjalda Fáks verða sendir út í janúar/febrúar, en samþykkt var á síðasta aðalfundi Fáks að hækka árgjaldið upp í 14.500 kr fyrir fullorðna og 5.000 kr fyrir ungmenni. Rætt um aðferðir við að ná inn nýjum félögum.

## 9. Myndavélakerfi

Endurnýja þarf myndavélakerfið í reiðhöllinni til að auðvelda eftirlit. Stjórn felur Einari að fá tilboð og leggja fyrir stjórn.

*Fleira ekki tekið fyrir og fundi slitið.*

*Fundargerð ritaði Heiðrún Sig.*

*Hjörtur Bergstað*

*Leifur Einar Arason*